

Norðurorka selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt verðskrá og reglugerð Norðurorku fyrir heitt vatn.

Verðskrá fyrir afnot af heitu vatni skiptist í tvær grunneiningar (1) fast verð og (2) rúmmetragjald eða kílóvattstundagjald. Greiddur er sérstakur skattur af seldu heitu vatni, umhverfis- og auðlindaskattur, og er hann 2%. Virðisaukaskattur af hitaveitu til hitunar húsa og laugarvatns er 11%. Virðisaukaskattur af hitaveitu til annarar notkunar er 24%.

Almenn orkunotkun

Veitusvæði	Grunnur	kr.	Umhverfis- og auðlindaskattur	Stofn til vsk	vsk 11%	Samtals með vsk
Akureyri og nágrenni	kr/m ³	153,38	3,07	156,45	17,21	173,66
Ólafsfjörður	kr/m ³	93,87	1,88	95,75	10,53	106,28
Ólafsfjörður hemlagjald	kr/mínílíter/mán	2.118	42,36	2.160,36	237,64	2.398
Reykjaveita (bakrás 30°C)	kr/kWst	5,82	0,12	5,94	0,65	6,59

Skýringar:

Bakrásarhiti er í raun tilbúið viðmið og hefur ekki áhrif á heildarverð til viðskiptavina en er fest í tölvubúnað mælis í samræmi við reglugerð 561/2012.

Stilling á hemli gildir í eitt ár frá áramótum til áramóta. Breytingu á vatnsrennsli til aukningar er hægt að gera hvenær sem er, en til minnkunar einu sinni á ári, um áramót. Hemlar eru á útleið og í stað þeirra kemur orkuígildismælir.

Fast verð

Stærð mælis	Grunnur	kr.	Umhverfis- og auðlindaskattur	Stofn til vsk	vsk 11%	Samtals með vsk
15 - 20 mm	kr/dag	80	1,60	81,60	8,98	91
25 - 32 mm	kr/dag	331	6,62	337,62	37,14	375
40 mm	kr/dag	1.301	26,02	1.327,02	145,97	1.473
50 mm og stærrí	kr/dag	2.511	50,22	2.561,22	281,73	2.843

Skýringar:

Norðurorka ákveður mælisstærð fyrir hverja húsveitu í samræmi við stærð heimæðar.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp eða ef vatnsmælir bilar þannig að mæling bregst, áætlað veitan vatnsnotkun með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hafi áhleypling eða tenging ekki átt sér stað einu ári eftir að heimlögn er tilbúin til tengingar við húsveitu hefst innheimta samkvæmt verðskrá.

Grunnverð fyrir sumarhús/frístundahús og sambærileg hús er fast gjald og lágmarksgjald sem samsvarar 300 m³ af heitu vatni eða 12.800 kWst. á ársgrunni þar sem kWst. mæling er grundvöllur orkumælingar. Þessi hús eru háð rennslistakmörkunum.

Norðurorka takmarkar allajafna ekki aðgang húsveitu að vatni umfram það sem heimæð og veitukerfi leyfa. Þó er veitunni heimilt að setja upp búnað hjá notanda, sem tryggir aðra notendur gegn óeðlilegum þrýstingsbreytingum, og er starfsfólki veitunnar einu heimilt að breyta stillingu hans.

Um tæknilega tengiskilmála hitaveitna gildir reglugerð nr. 488/2021.